

1864.

2. marz.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald jarðamatskostnaðar af kirkjujörðum og stöðum.

Í bréfi 22. septembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að prestarnir í Eyjafjarðar sýslu, eptir skýrslu hlutað-eigandi sýslumanns, hafi neitað að greiða af prestsetrunum tillag það til endurgjalds fyrir kostnaðinn við hið nýja jarðamat á Íslandi, sem heimta átti á manntalsþingunum árið 1863, samkvæmt opnu bréfi 1. aprílm. 1861, og einnig hafi ábúendurnir á kirkjujörð-unum í greindri sýslu færzt undan að greiða gjald þetta fyrir þá sök, að þeir eigi geti átt von á að fá það aptur endur-goldið hjá prestunum. Um leið og þér hafið látið það álit í ljósi, að eptir orðunum í lagaboði þessu geti verið vafi á því, hvort prestarnir, sem ekki eru eigendur kirkjujarðanna, heldur að eins hafa þær að lèni (usufructuarii), sèu skyldir að greiða gjald það, sem hér er um rætt, hafið þér spurt, hvort þegar beri að gjöra fjárnám fyrir gjaldinu, eður hvort fresta eigi fyrst um sinn málefni þessu, er hafi verið borið upp á síðasta al-þingi.

Um þetta efni kunngjörir stjórnarráðið yður, yður til leið-beiningar og til þess þér auglýsið það og gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að eptir þeirri ákvörðun, sem er í opnu bréfi 1. aprílm. 1861 2. gr., eiga prestarnir að greiða af prestsetrunum og leiguliðarnir af kirkjujörðunum, sem ábúendur jarða þessara, tillag það til endurgjalds jarðamatskostnaðarins, sem á þær fellur; en það atriði, hjá hverjum þeir geti fengið endur-goldið það fè, er þeir hafa borgað, heyrir undir úrlausn dóm-stólanna ef úgreiningur verður um það.

4. marz.

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir fátækralyf þau, er ætluð eru norður- og austur-umdæminu.

Í bænarskrá nokkurri, er hingað hefir borizt, hefir Jóhann

1864.

4. marz.

lyfsali Thorarensen á Akureyri sótt um, að honum verði leyft að láta af hendi úr sinni lyfjabúð öll þau fátækralyf, sem ætluð eru læknishèraðunum í norður og austurumdæminu, og sem veittir eru til 90 rdl. á ári, en af því fè hefir beiðandinn hingaðtil aðeins fengið 36 rd. 64 sk., en lyfsalinn í Reykjavík hefir fengið hina 53 rd. 32 sk., og hefir hann fyrir þá upphæð látið af hendi fátækralyf bæði handa austurhèraðinu í norður- og austurumdæminu og handa læknishèraðinu í Húnavatns- og Skagafjardarsýslu: hafið þér herra amtmaður látið í ljósi álit yðar um þetta mál í bræfi 4. febrúarm. f. á. og um leið sent hingað álitsskjal um það frá Jóni hèraðslækni Finsen.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stiptamtmanninn yfir Íslandi um þetta mál og fengið frá honum álit Hjaltalíns, jústizráðs og landlæknis, og Randrúps lyfsala, skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það beiðandanum og hlutadeigandi hèraðslæknum, að eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, þykir dómsmálastjórninni réttast, að lyfsalinn á Akureyri hafi útsölu allra þeirra fátækralyfja, sem ætluð eru norður- og austurumdæminu, og að honum sæu borgaðir þeir 90 rdl., sem þessu amti eru ætlaðir af því fè, sem veitt er fyrir fátækralyf, en hann gjöri rétta skilagrein fyrir því fè, er hann þannig fær; svo verður hann og að taka þeirri breyting, sem í þessu efni kynni gjörð verða, ef stofnuð yrði ný lyfjabúð í amtinu, einkum í austurhèraðinu.

Ef lyfsölumaðurinn í Reykjavík ekki eptir þeim reglum, sem nú er fylgt í þessu efni, þegar er búinn að gjöra neinar ráðstafanir viðvíkjandi lyfjasölu þessari, sem sè því til tálmunar, að breyting sú, sem hèr er um rætt, geti komizt á þegar frá 1. degi næsta mánaðar, þá á úrskurður þessi að fá gildi greindan dag, en að öðrum kosti fær hann eigi gildi fyrri en 1. dag aprílmán. 1865.

Um leið og stjórnarráðið getur þess, að stiptamtmanninum yfir Íslandi og landfógetanum hefir í dag verið ritað það, er með þarf um þetta efni, skal því að endingu við bætt, að parsem Finsen hèraðslæknir í álitsskjali sínu, því er að ofan er

1864.

4. marz.

getið, hefir stungið upp á, að lyfsalinn á Akureyri einnig fái að tiltölu nokkurn hluta af þeim 50 rdl., sem veittir eru fyrir úthlutun fátækralyfja, og sem lyfsalinn í Reykjavík nú fær, þá þykir stjórnarráðinu réttast, að ekkert sé ákveðið um þetta atriði að svo komnu.

7. marz.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nokkur atriði í opnu bréfi 26. september 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík.

Með bréfi 27. októberm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað aptur álitsskjal það, er stjórnarráðið áður hafið beðið um frá bæjarstjórninni og bæjarfógetanum í Reykjavík um þær spurningar, er nú skal greina, viðvíkjandi því, hvernig skilja eigi 1. grein í opnu bréfi 26. septembermánaðar 1860, um skatt af tómthúsum og óbyggðum lóðum í Reykjavík:

1. Hvort það gjald, sem í einstöku tilfellum, áður en opið bréf 26. sept. 1860 kom út, var greitt af nokkrum lóðarhluta einstakra tómthúsa samkvæmt samningi við bæjarstjórnina, eigi ekki að dragast frá í gjaldi því, sem eptir lagaboði þessu verður lagt á tómthúslóðina, þannig, að bæði lóðargjöldin samanlögð aldrei yfirstigi hið hæsta lóðargjald, sem eptir lagaboðinu verður lagt á tómthúslóð?
2. Hvort bæjarstjórnin, ef hún veitir tómthúsmanni viðbót við lóð þá, er hann hafið þá er greint lagaboð kom út, og sem hann eptir lagaboði þessu svarar hinu hæsta lóðargjaldi af, eður 16 álnum á ári, eigi rétt á að hækka enn lóðargjaldið, án tillits til þess, að gjaldið af tómthúslóðinni á þann hátt fer fram úr því hæsta lóðargjaldi, sem ákveðið er í lagaboðinu?

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörði það:

Um 1. spurn.: Þessari spurningu virðist eiga að svara með jáyrði; og þarsem þér, herra stiptamtmaður, hafið talið vafasamt,